



BRYGGJUHÁTÍÐIN

Sunnudaginn 16. júní.

kl. 20.00-24.00.

Við bryggjuna.

Allir hjartanlega velkomnir.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar
Svalbarðsstrandarhreppur
Kjarnafæði

KVEÐJA FRÁ UMHVERFIS- OG ATVINNUMÁLANEFND

Sælir sveitungar góðir, við viljum byrja á að þakka fyrir góða þátttöku á umhverfisdaginn, verkefni dagsins gekk fljótt og vel og skipti þar auðvitað sköpum fjöldi þátttakenda.

Viljum við hvetja landeigendur, rekstraraðila sem og alla íbúa til að vera dugleg að tína rusl hvar sem við sjáum það og taka til í kringum okkur. Við búum í fallegri sveit sem er fljót að láta á sjá og missa sjarmann ef við höldum okkur ekki við efnið hvort sem er fyrir okkar eigin vellíðan eða þeirra sem eiga leið hjá. Það er auðvelt að verða samdauna hlutunum og missa sýn á umhverfi sitt hvort sem varðar rusl, ónýtar girðingar, illa hirtar byggingar, bílhræ eða annað. Glögg er gests augað og því ágætt af og til að horfa í kringum sig með gagnrýnum augum með það að markmiði að sjá hvort megi taka til.

Með þetta verkefni í huga biðjum við ykkur að nýta ykkur Umhverfisstefnu sveitarfélagsins sem finna má á heimasíðunni svalbardsstrond.is en þar er að finna leiðbeinandi viðmið fyrir íbúa og rekstraraðila. Við viljum líka benda eigendum kerra og vagna sem standa

lausar á opnum svæðum og almennum bílplönum að festa þær niður með öruggum hætti svo ekki hljótist slys af.

Með von um gott og ánægjulegt sumar á Svalbarðsströnd,

Umhverfis- og atvinnumálanefnd

BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

FJÁRÖFLUN 8.-10. BEKKJAR

Krakkarnir í Valsárskóla 8.- 10. bekkur eru að safna fyrir útskriftarferðinni sinni ásamt skólafélögum úr Valsárskóla. Þau erum með þennan salernispappír til sölu:

WC pappír 48 stk á 7.000.-

WC pappír 24 stk á 3.500.-

Kirkland WC pappír 40 rúllur á 5.000.-

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum!

Endilega hafið samband við Fjólu Þórhalls, Smáratúni 1, í síma 892-0773.

NÆSTU RUSLADAGAR

- | | | |
|----------|---|---------------------|
| 13. júní | - | Græna tunnan |
| 20. júní | - | Gráa / brúna tunnan |
| 4. júlí | - | Gráa / brúna tunnan |
| 11. júlí | - | Græna tunnan |
-

Ströndungur kemur næst út föstudaginn 12. júlí.

Skilafrestur er til kl. 15:00 miðvikudaginn 10. júlí.